

Kart gegn Tyrklandi – Yfirdeild

Dómur frá 3. desember 2009

Mál nr. 8917/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til aðgangs að dómstólum. Friðhelgi þingmanna gegn málssókn.

1. Málsatvik

Kærandi, Atilla Kart, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur árið 1954. Hann býr í Ankara. Árið 2002 var kærandi kjörinn til setu á tyrkneska þinginu. Kærandi hafði í fyrra starfi sínu sem lögmaður verið ákærður tvisvar sinnum. Annars vegar fyrir að móðga annan lögmann og hins vegar fyrir að móðga opinberan embættismann. Sem þingmaður naut kærandi friðhelgi frá saksókn. Samkvæmt 83. gr. tyrknesku stjórnarskrárinnar voru framangreindar ákætur felldar niður en ákvæðið kveður á um að ekki sé heimilt að handtaka, yfirheyra, úrskurða í gæsluvarðhald eða dæma þingmann sem talinn er hafa framið glæp fyrir eða eftir kjör hans til þings nema þingið sjálft ákveði að aflétta friðhelginni.

Tvær beiðnir voru lagðar fram um að friðhelgi kæranda yrði aflétt en án árangurs. Ákveðið var því að fella niður ákæturnar á meðan kærandi sæti á þingi. Kærandi mótmælti ákvörðuninni og fór fram á að hann fengi að sæta réttlátri málsmeðferð fyrir dómi. Beiðni kæranda sjálfs um að friðhelginni yrði aflétt var aldrei tekin til meðferðar á þinginu. Kærandi var síðan endurkjörinn á þingið árið 2007.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði verið sviptur rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi þar sem hann hefði ekki fengið tækifæri til að hreinsa mannorð sitt.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hans að fjalla almennt um þá friðhelgi sem aðildarríki sáttmálans veittu þingmönnum sínum. Hans hlutverk væri að fjalla um hvort friðhelgin hefði haft áhrif á réttindi hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Þetta væri í fyrsta skipti sem dómstóllinn fengi til skoðunar mál þar sem sá sem nyti friðhelginnar vildi losna undan henni og teldi að hún bryti gegn réttindum hans sjálfs.

Dómstóllinn taldi að friðhelgi þingmanna stuðlaði að því lögmæta markaði að tryggja snurðulausa starfsemi þingsins og vernda sjálfstæði þess. Dómstóllinn tók fram að jafnvel þótt svo virtist sem friðhelgi tyrkneskra þingmanna væri víðtækari en þingmanna annarra ríkja þá væri hún háð einhverjum takmörkunum og gæti ekki í sjálfu sér talist óhófleg.

Það fyrirkomulag sem gildi í Tyrklandi um það hvernig leysa ætti úr beiðnum um að aflétta friðhelgi þingmanna kom fram í stjórnarskrá landsins og þingsköpum. Kærandi taldi að ákvörðunarferlið skorti skýrleika. Dómstóllinn taldi aftur á móti að ákvarðanir sem þessar væru í eðli sínu pólitískar og því gætu ekki verið gerðar sömu skýrleikakröfur og varðandi dómsniðurstöður.

Hvað varðaði ákvörðunina í máli kæranda sjálfs taldi dómstóllinn að kærandi hefði haft færi á að mótmæla ákvörðuninni um að fella niður ákæru á hendur honum. Enn fremur gæti neitunin um að aflétta friðhelginni ekki talist mismuna nokkrum. Byggði dómstóllinn þessa afstöðu sína á því að beiðnir sem vörðuðu friðhelgi þeirra þingmanna sem voru í meirihluta á þinginu höfðu verið afgreiddar eins og þær sem vörðuðu þingmenn minnihlutans.

Dómstóllinn benti á að ákæurnar á hendur kæranda væru í raun enn óafgreiddar og ekki væri hægt að neita því að óvissa málanna hefði aukist vegna hinnar umdeildu meðferðar tyrkneska þingsins. Tafir í þingmeðferðinni væru jafnframt tafir á meðferð sakamála á hendur kæranda. Aftur á móti hefði kæranda mátt vera ljóst að með því að sækjast eftir kjöri á þing í tvennum kosningum í röð gæti meðferð málanna tafist. Dómstóllinn lagði áherslu á að áhrif ákvarðana þingsins væru einungis þau að meðferð sakamála frestaðist en ákvarðanirnar hefðu ekki áhrif á málið sem slíkt.

Dómsráðuneytið gerði einnig grein fyrir því að sá skaði sem mannorð kæranda yrði fyrir væri í samræmi við að hann hefði verið sakaður um að hafa framið refsivert brot. Dómsráðuneytið taldi engu að síður að mannorð kæranda nyti verndar meginreglunnar um að hver maður yrði talinn saklaus þar til sekt hans hefði verið sönnuð fyrir dómi. Kærandi hefði ekki verið sviptur möguleikanum á að fá mál sitt tekið fyrir af dómsráði þrátt fyrir að tímabundin hindrun væri á rekstri málsins. Þessi hindrun væri ekki í ósamræmi við það lögmæta markmið sem byggir að baki friðhelgi þingmanna, þ.e. verndun þingsins sem stofnunar.

Dómsráðuneytið komst því að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Fimm dómara skiluðu þremur sérálitum í málinu. Einn þeirra studdi niðurstöðu meirihlutans.